

Fjárlaganefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. janúar 2022

Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu 2022-2026

Í tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu 2022-2026 er það sagt markmið fjármálastefnunnar að standa vörð um fjárhagslegan viðnámsþrótt hins opinbera og getu stjórnvalda til þess að milda áhrif óvæntra efnahagsáfalla á heimili og fyrirtæki. Á sama tíma þurfi að standa vörð um almannþjónustu og tilfærslukerfi. BHM fagnar þeim áherslum en telur þau markmið mega endurspeglast betur í fjármálastefnunni ef viðhalda á núverandi velferðarstigi til lengri tíma. Um þetta er fjallað í umsögn bandalagsins að neðan.

Næstu ríkisstjórn gert að taka á vandanum

Ríkisstjórnin hefur boðað vöxt til velsældar á kjörtímabilinu og endurspeglast sú stefna að einhverju leyti í framlagðri fjármálastefnu. Í stefnunni er það sagt markmið að endurbyggja fjárhagslegan styrk hins opinbera með því að nýta efnahagsbatann til að stöðva skuldasöfnun, á sama tíma og haldið er áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið um uppbyggingu félagslegra og efnislegra innviða.

Vísbendingar eru þó um að erfitt gæti orðið að uppfylla markmiðin um uppbyggingu félagslegra og efnislegra innviða til lengri tíma að óbreyttu tekjuöflunarfyrirkomulagi. Í því samhengi veldur það BHM vonbrigðum að í stefnunni sé ekki að finna fleiri aðgerðir sem miða að því að taka á undirliggjandi afkomuhalla hins opinbera með nauðsynlegri styrkingu tekjustofna á breiðum grunni. Þá er það ennfremur áhyggjuefni að til að markmið stefnunnar um 1% halla á afkomu í lok hennar náist þarf útgjaldaaðhaldið í opinberum rekstri að verða mjög stíft. Vart er hægt í sögulegu tilliti að finna jafn lága útgjaldaaukningu eins og stefnan boðar á tímabilinu 2023-2026. Fjármálaráð bendir á í áliti sínu á fjármálastefnunni að velja megi fyrir sér hvort tekjuöflun nú um stundir dugi fyrir reglubundnum rekstri.

Undirliggjandi afkomuhalli

Í stefnunni er gert ráð fyrir að dregið verði úr skuldasöfnun ríkissjóðs samhliða því að tekjur muni aukast með auknum umsvifum. Frekari sala eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka verði nýtt til skuldaniðurgreiðslu og ráðist verði í skattkerfisbreytingar tengt orkuskiptum í samgöngum. Þá er fjallað lauslega um skattheimtu vegna arðsemi stafrænna lausna og að öldrun þjóðarinnar muni beina skattheimtu meira í átt að neyslu. Ekki er fjallað ítarlega um hvernig tekið verði á undirliggjandi afkomuhalla á tímabili stefnunnar. Sala eignarhluta er þá í eðli sínu einskiptistekjur

Undirliggjandi afkomuhalli var orðinn 2,2% strax á árinu 2019 en afkoman hefur farið versnandi á árunum 2020 og 2021 þ.e. þegar litið er framhá útgjöldum tengdum faraldrinum. Tekjustofnar hins opinbera hafa enda verið veiktir nokkuð en þar vegur þyngst breyting á tekjuskatti einstaklinga, lækkun bankaskatts og tryggingagjalds, hækkun á frítekjumarki fjármagnstekna og hækkun á skattfrelsismarki erfðafjárskatts. Að auki er rétt að nefna áhrif afnáms auðlegðarskatts frá árinu 2016 og viðbótarauðlegðarskatts frá árinu 2014. Innheimtur auðlegðarskattur fyrir árið 2016 var tæplega 7,5 ma.kr., eða tæplega 9 ma.kr. að núvirði.¹

¹ <https://www.althingi.is/altext/145/s/1830.html>

Fjallað er um þann vanda sem stjórnvöld standa frammi fyrir ef tekjur hins opinbera haldast óbreyttar í skýrslu fjármálaráðuneytisins frá 2021 „Langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum“. Þar er sagt að núverandi tekjufyrirkomulag stjórnvalda sé ósjálfbært ef viðhalda eigi núverandi velferðarstigi, að gefnum útgjaldaskuldbindingum:

„Eigi að viðhalda núverandi velferðarstigi mun óbreytt fyrirkomulag útgjaldaskuldbindinga og tekjuöflunarkerfis hafa í för með sér að afkoma hins opinbera verður verulega neikvæð þar sem útgjöld vaxa umfram tekjur samkvæmt langtímaframreikningi...“

Útgjaldaskuldbindingar ríkisins til lengri tíma eru reifaðar í skýrslunni. Gert er ráð fyrir að frumútgjöld vaxi um 1,5% af VLF frá 2027-2050 m.a. vegna stóraukninga heilbrigðisútgjalda vegna öldrunar þjóðar og áframhaldandi aukningar í tilfærsluútgjöldum. Fjallað er jafnframt um skuldbindingar ríkisins gagnvart LSR og Íbúðalánasjóði. Á móti muni reyna verulega á tekjustofna ríkisins. Það stefnir í að vinnandi höndum fækki hlutfallslega á næstu áratugum og er sú þróun þegar hafin.² Hagvaxtarhorfur hafa einnig verið færðar niður enda talið að hægja muni á framleiðnivexti.

Allt mun þetta hafa verulega þýðingu fyrir tekjuöflunargetu ríkissjóðs að óbreyttu skattkerfi. Í skýrslunni um langtímahorfur er kallað eftir því að stjórnvöld bregðist við.

„Versnandi afkoma mun að öllu öðru óbreyttu leiða til aukinnar skuldsetningar og vaxtabyrði, sem dregur úr getu hins opinbera til að fjármagna grunnþjónustu. Sá útgjaldaþrýstingur sem grunnviðsmynd þessara áætlunar spáir fyrri kallar á að stjórnvöld bregðist við“.

Skuldir hins opinbera munu aukast um 70% frá árinu 2019 til ársins 2026 skv. stefnumiðum stefnunnar og framtíðarsviðsmyndin gerir ráð fyrir enn frekari skuldaaukningu að óbreyttu tekjufyrirkomulagi. Ríkisstjórnin hefur frestað stefnumiði um stöðvun vaxtar skuldahlutfallsins um eitt ár til 2026, þ.e. fram á kjörtímabil næstu ríkisstjórnar. Það verður þá verkefni næstu stjórnvalda að bregðast við framtíðarsviðsmynd fyrrgreindrar skýrslu. Sjá má skuldaþróun hins opinbera á tímabilinu 2008-50 skv. fjármálastefnu og grunnviðsmynd langtímaáætlunar að neðan.*

Skuldahlutfall hins opinbera skv. LOF. 2007-2050
Rauntölur, fjármálastefna 2022-2026 og langtímaspá
fjármálaráðuneytisins




Heimild: Fjármálaráðuneytið.

*Staða opinberra fjármála hefur batnað nokkuð frá útgáfu skýrslunnar og myndin er aðlöguð m.t.t. þess. Niðurfært skuldahlutfall breytir þó ekki meginályktunum skýrslunnar um ósjálfbærni. Í skýrslunni er þá aðeins gert ráð fyrir aldurstengdri aukningu heilbrigðisútgjalda, ekki er gert ráð fyrir að spurn þjóðarinnar eftir heilbrigðisþjónustu aukist með hærra tekjustigi né að vinna þurfi á uppsafnaðri skuld.

² Á árunum 2021-2026 fækkar fólki á vinnualdri fyrir hvern einstakling yfir 67 ára úr 5,9 í 5,1 samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar.

Verkefni stjórnvalda

Miklu skiptir að stjórnvöld stilli aukningu skulda í hóf framundan til að verja getu ríkissjóðs og sveitarfélaga til að bregðast við óvæntum skakkaföllum í framtíðinni. Hér ber að hafa í huga að íslenska hagkerfið hefur verið mun sveiflukenndara en önnur á undanförunum áratugum og viðnámshlutverk opinbers rekstrar þannig stærra því það gefur oftár á bátinn og áföllin eru stærri. Fjármögnun opinberra skulda fyrir lítið land með sjálfstæðan gjaldmiðil í opnu hagkerfi er líka alla jafna erfiðari en fjármögnun opinberra skulda fyrir stórt land. Staðalfrávik hagsveiflna á Íslandi má sjá á mynd að neðan í samanburði við önnur lönd.



Heimild: Eurostat og eigin útreikningar.

Að mati BHM verður sjálfbærni í opinberum fjármálum fyrst og fremst tryggð með því að styrkja tekjuöflun sem leiðir af tekjum af fjármagni og eignum. Telur bandalagið þá ótækt að meiri byrðar verði lagðar á launafólk með millitekjur og yfir í skattkerfi atvinnutekna. Tekjur á fjármagn á Íslandi búa við mun lægri skattlagningu en launafólk og landið er ríkt af auðlindum. Þangað þarf fyrst og fremst að sækja styrkingu tekjuöflunar og ekki síst í ljósi áskorana heimsfaraldurs og fjórðu iðnbyltingar hvað varðar vaxandi eignaojöfnuð.

Í þessu samhengi telur bandalagið það nokkur vonbrigði að ekki sé minnst á áform stjórnarsáttmálans í framlagðri stefnu hvað varðar takmörkun á tekjutilflutningi.

„Skattmatsreglur verða endurskoðaðar og komið í veg fyrir óeðlilega og óheilbrigða hvata til stofnunar einkahlutafélaga. Enn fremur verður regluverk í kringum tekjutilflutning tekið til endurskoðunar til að tryggja að þau sem hafa eingöngu fjármagnstekjur reikni sér endurgjald og greiði þannig útsvar.“

BHM bendir á að þau sem reikna sér ekki endurgjald og hafa eingöngu fjármagnstekjur á eigin kennitölu eru væntanlega aðilar sem stunda ekki atvinnu í hefðbundnum skilningi. Þau hafa vart hvata til stofnunar einkahlutafélaga nema til að telja til rekstrarkostnað á móti tekjum. Þessi umfjöllun stjórnarsáttmála þarfnast þannig nánari skýringa. Stærsti vandinn í núverandi kerfi snýr að þeim sem telja sér fjármagnstekjur sem þau ættu að telja fram sem laun af atvinnustarfsemi.

ASÍ hefur í þessu samhengi t.a.m. metið sem svo að reglur sem takmarka tekjutilflutning myndu auka árlegar skatttekjur um á bilinu 3-8 milljarða króna og styrkja tekjuöflun sveitarfélaga. Við þessu þarf að bregðast.

Bandalagið telur mikilvægt að stjórnvöld eigi í samstarfi við heildarsamtök launafólks um endurskoðun og endurbætur á skattkerfinu m.a. heildarendurskoðun á þeim hluta

skattkerfisins sem lýtur að skatttekjum af umferð. Bandalagið fagnar þá að áform séu uppi hjá stjórnvöldum um að leggja meiri áherslu á alþjóðlegt samstarf til að koma í veg fyrir skattasniðgöngu á breiðum grunni m.a. í stafræna hagkerfinu.

Að lokum ber að nefna að í grunngildinu sjálfbærni felst að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og séu sanngjarnar gagnvart komandi kynslóðum. Bandalagið hvetur stjórnvöld til að hafa það í huga í ljósi ofangreinds og þess sem kemur fram í greinargerð stefnunnar:

„Framundan eru margvíslegar áskoranir í skattamálum og mun skattastefnan taka mið af því. Til mikils er að vinna að draga úr undanskotum og styrkja með því tekjustofna hins opinbera. Að mörgu er að huga við mótnun stefnunnar þar sem hún hefur bein áhrif á hag fólks og fyrirtækja. Stefnan þarf að stuðla að skilvirku og réttlátu skattkerfi ásamt því að styðja við efnahagslegan stöðugleika. Á komandi árum verður áfram unnið að endurbótum á skattkerfinu þannig að tekjuöflun hins opinbera nægi til að standa undir verkefnum þess.Litið til lengri framtíðar er gagnlegt að huga að því hvernig skattkerfið geti sem best þjónað sínu hlutverki í breyttu samfélagi“


Framleiðnibætandi aðgerðir af hinu góða en tryggja þarf hæfni

BHM fagnar því að stjórnvöld hyggist leggja áherslu á skýrari forgangsröðun, fjárfestingu í tæknilegum innviðum og bætta nýtingu fjármuna þar sem því verður við komið. Boðuð er nútímavæðing á starfsumhverfi opinberra starfsmanna, en þá er mikilvægt að starfsfólki sé tryggð viðeigandi endurmenntun og hæfni til að takast á við breytingar í starfsumhverfi og þær áskoranir sem bíða. Að sama skapi þarf að útvega starfsfólki viðeigandi búnað til að tryggja að starfsumhverfi í fjarvinnu sé sambærilegt starfsumhverfi í staðvinnu.

Stjórnvöld loki ekki augunum fyrir vanda sveitarfélaga

Hlutdeild sveitarfélaga í samneyslu hins opinbera hefur hækkað úr 40% í 45% frá 2009. Sveitarfélögin standa nú m.a. undir 87% af framlögum hins opinbera til liðarins almannatryggingar og velferðarmál, 75% af menningar- íþróttar og tólmstundamálum og 73% af menntamálum*.

Hlutdeild sveitarfélaga í samneysluútgjöldum hins opinbera




Heimild: Hagstofan og eigin útreikningar.

*hér er átt við hlutfallsleg framlög í krónum talið

Á tímabilinu 2009-2020 jukust framlög til örorku og fötlunar m.a. um 410% að raunvirði, 173% til stoðþjónustu í skólustarfi og 52% til íþróttar og tólmstundamála**. Það þarf því engan að

undra að samneyslan er orðin sveitarfélögum mun þyngri baggi en áður eins og sést á næstu mynd en hlutur samneyslu í tekjum sveitarfélaga er nú um 80% samanborið við 46% hjá ríkinu.

Hlutdeild samneysluútgjalda í tekjum



Heimild: Hagstofan og eigin útreikningar.

**verðleiðrétt með vísitölu samneyslu

BHM kallar eftir samtali um stöðu sveitarfélaga


Eins og bent er á í nýlegu álitni fjármálaráðs þá hefur afkoma sveitarfélaga aðeins verið jákvæð í síðustu átta ár af fjörutíu. Að óbreyttu verður svo áfram næstu árin og vöxtur í skuldum sveitarfélaga verður allnokkur á tíma áætlunar. Fyrirséð er enda að þjónustuþyngd muni aukast í kjölfar kófsins og sveitarfélögin hafa takmarkaða getu til tekjuöflunar. Forgangsröðun til samneyslunnar mun jafnframt minnka getu þeirra til fjárfestinga enn frekar, en fjárfestingarhlutfall þeirra á tímabili stefnunnar er áætlað um 1,2% af VLF. Það er óásættanlegt. Sé litið til síðustu fjörutíu ára hefur meðaltalið verið 60% hærra eða 1,9% af VLF.

Fjárhagsleg staða sveitarfélaga er því mikið áhyggjuefni að mati BHM og sérstaklega í ljósi þeirra þjóðhagslega mikilvægu verkefna sem sveitarfélögin sinna og standa frammi fyrir í kjölfar kófsins. Til stóð að sveitarfélög myndu fá hlutdeild í gistináttaskatti en hlé á honum á nú að framlengja til ársloka 2023. Ekki virðist standa til að bæta sveitarfélögum upp þann tekjumissi.

Sveitarfélögin standa frammi fyrir öðru stóru verkefni

Hérlendis hefur ríkt kerfislæg mismunur í launasetningu háskólamenntaðra* á vinnumarkaði milli markaða m.a. sveitarfélaga og almenns markaðar (sjá mynd á næstu síðu). Miðgildi tímakaups fyrir háskólamenntaða sérfræðinga** var 40% lægra hjá sveitarfélögum en á almennum markaði á árinu 2020. 83% starfandi sérfræðinga hjá sveitarfélögum eru konur***. Þessir einstaklingar hafa beðið árum saman eftir að markaðsbresturinn í launasetningu þeirra sé leiðréttur. Laun starfsstétta sveitarfélaga þar sem meirihluti starfandi eru konur þurfa einfaldlega að taka mið af samfélagslegu virði þeirrar þjónustu sem innt er af hendi. Þarna liggur ein af stærstu áskorunum kynjaðs vinnumarkaðar. Því hlýtur ein forsenda sáttar á vinnumarkaði að vera að samningsaðilar viðurkenni þetta samfélagsmei. Enn er verið að vinna úr samkomulagi um jöfnun launa sem BHM, BSRB, KÍ, ríkissjóður og Samband íslenskra sveitarfélaga skuldbundu sig til haustið 2016. Jöfnun launa milli sveitarfélaga og almenns markaðar verður ekki gerð nema með fjárhagslegum stuðningi ríkisins og samstilltu átaki.

Tímakaup háskólamenntaðra sérfræðinga á árinu 2020
(námundað að hundraði)



Heimild: Hagstofan og eigin útreikningar.

*Hér er átt við bálkinn „Sérfræðingar“ í ÍSTARF95. Stjórnendur eru ekki inn í þessum flokki.


**Hér er átt við regluleg heildarlaun á vinnustund. Regluleg heildarlaun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma ásamt álags-, bónus- og kostnaðargreiðslum og tilfallandi yfirvinnu. Í einhverjum tilfellum geta greiddar stundir gefið ónákvæma mynd af raunverulegum vinnutíma og þá sérstaklega þegar pakkalaun eru ráðandi form.

*** Kynjahlutföll eru háð úrtaksramma launarannsóknar Hagstofunnar.

Að vaxa út úr vandanum

Um 70% útflutningstekna þjóðarinnar á síðustu 5 árum má rekja beint eða óbeint til náttúruauðlinda landsins en fiskurinn, rafmagnið og ferðaþjónustan tengjast öll nytjum náttúrunnar, sjá mynd að neðan.

Útflutningur 2016-2021, hlutdeild undirliða



Heimild: Hagstofan og eigin útreikningar.

*Iðnaður utan áliðnaðar ofl.

Enn og aftur munu náttúruauðlindirnar knýja áfram efnahagsbata en í forsendum þjóðhagsspár að baki fjármálaáætlun er sagt að vænt fjölgun ferðamanna úr 700 þúsund árið 2021 í nær 2 milljónir árið 2024 muni drífa áfram hagþróunina að talsverðu leyti. Á tímum niðursveiflunnar hafa náttúruauðlindirnar þá stutt við framvindu efnahagsmála t.d. með hækkun álverðs og auknar veiðiheimildir fyrir loðnu.

BHM telur að helsta leiðin til þess að undirbyggja hagvöxt framtíðar sé að leggja áherslu á menntun og setja hugvitsdrifin, háframleiðnistörf í fyrsta sæti. Undir þetta er tekið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem sagt er að með nýsköpun og hvers konar

hagnýtingu hugvits verði atvinnulífið gert fjölbreyttara og spennandi og verðmætum störfum fjölgað. Þetta leiði af sér styrkari samkeppnisstöðu landsins og aukna velsæld.

BHM telur mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram á þeirri braut að styðja við framsækin fyrirtæki, frumkvöðla og skapandi greinar með styrkjum og endurgreiðslum. Stuðningur við fyrirtæki er þó ekki nægur til að markmiðin um hugvitsdrifið hagkerfi raungerist. OECD hefur bent á í úttektum sínum að nauðsynlegt sé að styrkja tengsl háskóla og atvinnulífs hér á landi enda séu þau of veik. Afleiðingin er m.a. sú að háskólamenntaðir koma oft verr undirbúnir á íslenskan vinnumarkað en þeir sem hafa farið í verknám. Stofnunin hefur einnig gagnrýnt að ekki sé umbunað nægilega fyrir góða frammistöðu og að innleiða þurfi hvata þess efnis á háskólastigi. Að lokum skiptir máli að gæði háskólanáms séu aukin á breiðum grunni og stjórnvöld taki afstöðu til þess hvort það séu magn eða gæði mannauðsins sem skipti meginmáli. OECD hefur sérstaklega gagnrýnt að íslenskir háskólar einblíni frekar á skráningarfjölda nemenda en getu og frammistöðu þeirra. Ekki er þó nóg að horfa til efsta skólastigs heldur verði að horfa á menntakerfið í heild sinni, styrkja einstaklingsmiðað nám á öllum skólastigum og rækta hlutfallslega yfirburði allt frá grunnskólaaldri í stað þess að láta eitt yfir alla ganga. BHM er sammála þessu að ákveðnu marki. Nú þarf ný ríkisstjórn þarf nú að marka metnaðarfulla stefnu um leiðina fram á við í samstarfi við alla aðila vinnumarkaðar. Bandalagið er reiðubúið til að koma að gerð atvinnu og mannauðsstefnu á Íslandi til að byggja upp hagkerfi framtíðarinnar.

Stífar fjármálareglur mega ekki koma niður á velferð

Í stefnunni er eitt meginmarkmiðið sagt vera að stöðva vöxt skuldahlutfallsins á árinu 2026 en á því ári taki fjármálareglur gildi á nýjan leik. Þær kveða á um að 1/20 af skuldum hins opinbera umfram 30% skuli lækka á hverju ári og að heildarjöfnuður hins opinbera yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður. Árlegur halli megi þá aldrei vera meiri en 2,5% af VLF.

Áður en fjármálareglur taka aftur gildi árið 2026 telur bandalagið brýnt að kannað verði hvort viðmið stefnunnar hvað varðar afkomu og skuldsetningu séu óþarflega íþyngjandi ef tryggja á efnahagslegan stöðugleika á næstu árum. Jafnvel að kannað verði hvort aðrar fjármálareglur þjóni betri tilgangi en þær sem núna eru í gildi. Stjórnvöld mega ekki fórnar efnahagslegum stöðugleika og nauðsynlegri uppbyggingu félagslegra og efnislegra innviða til lengri tíma vegna óþarflega íþyngjandi fjármálareglna. Áhöld eru jafnvel um hvort að íþyngjandi reglur um skuldahlutfall samræmist grunngildum en sérstaklega er tekið fram í greinargerð með stefnunni að óvíst sé hvaða skuldahlutfall samræmist markmiði um stöðugleika.

Þá er erfitt að sjá að núverandi 30% regla byggji á sterkum hagfræðilegum rökum þ.e. að það skuldahlutfall endurspegli þau mörk þar sem hagrænn jaðarkostnaður skulda umfram 30% mörkin vegi þyngra en sá ábati sem hlýst af stuðningi við hagkerfið. Nýlega hefur þá verið lögð áhersla á að líta á skuldabyrði fremur en skuldahlutfallið líkt og kemur fram í greinargerð stefnunnar. Rétt er þá að taka fram að núverandi skuldsetning hins opinbera er um margt öfundsverð og töluvert undir hámarksviðmiðum innan Evrópusambandsins. Að auki er erlend skuldsetning í lágmarki og vaxtabyrði einnig. Þó þess sé ekki að vænta að vaxtastig haldist mjög lágt til lengri tíma, er líklegt að vaxtakostnaður hins opinbera muni til lengri tíma verða lægri en áður. Það gefur frekara andrými til þess að hagkerfið geti búið varanlega við hærra skuldahlutfall.

BHM telur að huga þurfi að þessu þegar nær dregur árinu 2026 með hliðsjón af efnahagsframvindu og þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. **Í því samhengi ber sérstaklega að huga að því að gert er ráð fyrir að lækkun atvinnuleysis stöðvist við nokkru**

hærra stig en Íslendingar hafa átt að venjast. Hærra jafnvægisatvinnuleysi endurspeglar kerfislægar áskoranir á vinnumarkaði sem þarf að taka á og þar mun hið opinbera spila stórt hlutverk. Það á ekki síst við atvinnuleysi háskólamenntaðra.

Að öðru leyti telur BHM að lögin um opinber fjármál og setning leikreglna þeim tengd hafi stuðlað að nauðsynlegum framförum í beitingu opinberra fjármála og skipt miklu í að búa í haginn fyrir viðnámsþrótt stjórnvalda nú á tímum fordæmalauss efnahagssamdráttar. Byggja þarf á þeim grunni áfram. Vikmörk og viðmiðanir verða engu að síður að taka mið af efnahagslegum veruleika.


Að lokum

Í greinargerð með stefnunni er öfundsverðri stöðu þjóðarbúsins lýst:

„Staða okkar er um margt öfundsverð, við búum við betur fjármagnað lífeyriskerfi en margar þjóðir og aldursdreifing þjóðarinnar er hagstæð í samanburði við önnur Evrópulönd. Hið opinbera býr við lága skuldastöðu og hagstæð vaxtagjöld.“

Í nýlegri skýrslu AGS kemur þá fram að skuldir hins opinbera hafi vaxið hlutfallslega minna hér en í flestum ríkjum vegna heimsfaraldursins og að hlutfall opinberra skulda af landsframleiðslu sé miklu lægra hér á landi en í vestrænum ríkjum að meðaltali. Þó staðan sé öfundsverð hvetur bandalagið stjórnvöld til að sofna ekki á verðinum. **Tekur bandalagið þá undir athugasemdir fjármálaráðs um að óæskilegt sé að hringrás stefnumörkunar sé kúvent í framkvæmd, en nú voru fjárlög afgreidd áður en stefnan var samþykkt. Rétt hringrás stefnumörkunarinnar tryggir að pólitískar áherslur ríkisstjórnar, sem endurspeglast í stjórnarsáttmála, birtist með markvissari og gagnsærri hætti í framlagðri stefnu.**

Fyrir hönd BHM,



Vilhjálmur Hilmarsson
Hagfræðingur BHM



Friðrik Jónsson
Formaður BHM